

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
18.05.22	17:00	N-132 og Teams	1
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Rebekka Karlsdóttir	Vaka Lind Birkisdóttir	18.05.22	
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir (Röskva)			
Viktor Ágústsson (Röskva)			
Dagur Kárason (Vaka)			
Diljá Ingólfisdóttir (Röskva)			
<u>Fráfarandi SHÍ liðar:</u>			
Rebekka Karlsdóttir (Röskva)			
Erna Lea Bergsteinsdóttir (Röskva) á temas			
Birta Karen fyrir Ellen Geirs (Vaka)			
Kjartan Ragnarsson (Röskva)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Andri Már Tómasson (Röskva)			
Sigríður Helga Ólafsdóttir (Röskva)			
Styrmir Hallson fyrir Dagný Þóra Óskarsdóttir (Röskva)			
<u>Fráfarandi SHÍ liðar:</u>			
Ingunn Rós Kristjánsdóttir (Röskva)			
Margrét Jóhannesdóttir (Röskva)			
Máni Þór Magnason fyrir Kristján Guðmundsson (Röskva) á Teams			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Rakel Anna Boulter (Röskva)			
Magnús Orri Aðalsteinsson (Röskva)			
<u>Fráfarandi SHÍ liðar:</u>			
Jóna Gréta Hilmarsdóttir (Röskva)			
Anna María Björnsdóttir (Röskva)			
Brynjólfur Skúlason (Röskva)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Auður Eir Sigurðardóttir (Röskva)			
Rannveig Klara fyrir Ísak Kárason (Röskva)			
Margrét Rebekka fyrir Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)			

Fráfarandi SHÍ liðar:

Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Röskva)

Rósa Halldórsdóttir (Röskva)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Brynhildur R. Þorbjarnardóttir (Röskva)

Sigurbjörg fyrir Dagmar Óladóttur (Röskva)

Fráfarandi SHÍ liðar:

Ingvar Þóroddsson (Röskva)

Inga Huld Ármann (Röskva)

Aðrir (án atkvæðisréttar):

Isabel Alejandra Diaz, fráfarandi forseti SHÍ

Vaka Lind Birkisdóttir, framkvæmdastýra SHÍ

Alma Ágústsdóttir, alþjóðaforseti og Aurora forseti SHÍ

Jessý Rún, fráfarandi hagsmunafulltrúi SHÍ

Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ 2019-2020

Skarphéðinn Finnbogason, nefndarmeðlimur

Guðríður Elísa Pétursdóttir, forseti félagslíf- og menningarnefndar

Katrín Björk núverandi hagsmunafulltrúi SHÍ

Gréta Dögg núverandi varaforseti SHÍ

Sindri Freyr Ásgeirsson, nefndarmeðlimur

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:Heilbrigðisvísindasvið:Hugvísindasvið:

Draumey Ósk Ómarsdóttir

Menntavísindasvið:Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 18. maí 2022 í N-132 og Teams kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on May 18th 2022 in N-132 and on Teams at 17:00

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05
The President of the Student Council convenes the meeting
2. Fundargerð Stúdentaráðsfundar 13. apríl borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:05-17:10
Vote on minutes from the Student Council meeting on April 13th
3. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2021-2022 (atkvæðagreiðsla) 17:10-17:20
Annual financial statement of the Student Council 2019-2020
4. Ársskýrsla Stúdentaráðs 2021-2022 17:20-17:40
Annual report of the Student Council 2021-2022
5. **Nýtt Stúdentaráð 2022-2023 tekur við 17:40-17:45**
The new Student Council 2022-2023 takes over
6. Fundargerð kjörfundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:45-17:50
Vote on minutes from the Election Meeting
7. Praktísk atriði til nýrra Stúdentaráðsliða 17:50-18:10
Practical information for new Student Council members
8. Fundarhlé 18:10-18:20
Intermission
9. Eftirstandandi tilnefningar í nefndir og sviðsráð Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla) 18:20-18:25
Remaining nominations for the Student Council's schools and committees (voting)
10. Tímalínur stórra mála 18:25-19:00
Timelines of major issues
11. Almennar fyrirspurnir nýrra Stúdentaráðsliða 19:00-19:10
General inquiries by new Student Council members
12. Önnur mál 19:10-19:20
Other issues
13. Fundi slitið 19:20
Meeting ends

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:18-17:29

The President of the Student Council convenes the meeting

- a. Fráfarandi forseti Stúdentaráðs stýrir fundi þar til nýtt Stúdentaráð tekur formlega við.

2. Fundargerð Stúdentaráðsfundar 13. apríl borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla)

17:19-17:20

Vote on minutes from the Student Council meeting on April 13th

- a. Fráfarandi Stúdentaráð greiðir atkvæði vegna fundargerðar frá 13. apríl.
- b. Kosning: 12 samþykktu, einróma.

3. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2021-2022 (atkvæðagreiðsla) 17:20-17:26

Annual financial statement of the Student Council 2019-2020

- a. Ársreikningur Stúdentaráðs 2021-2022 er kynntur eins fljótt og auðið er frá lokum reikningsárs, sem miðast við starfstímabilið. Vegna þessa mun nýja Stúdentaráðið taka ársreikninginn fyrir 2021-2022 til afgreiðslu þegar hann berst. Í millitíðinni fer framkvæmdastýra yfir fjárhagsstöðuna.
- b. Kosning: 12 samþykkt, einróma.

Máni Þór Magnason fór 17:22 á teams

4. Ársskýrsla Stúdentaráðs 2021-2022 17:26-17:40

Annual report of the Student Council 2021-2022

- a. Fráfarandi forseti Stúdentaráðs fer yfir starfsemi Stúdentaráðs síðastliðið ár.
- b. Isabel fer yfir ársskýrsluna og þar helstu sigrana yfir árið og sýnir kápuna.
- c. Isabel les ávarpið sem kemur fram í ársskýrslunni.

Rósa Halldórsdóttir kom 17:34

Sindri Freyr Ásgeirsson kom 17:36

Isabel leggur til að bæta við einum dagskrárlið milli 4 og 5: heildarstefna stúdentaráðs

Kosning: 12 samþykkt, einróma.

Birta Karen mætir fyrir hönd Ellen Geirs 17:43

5. Heildarstefna Stúdentaráðs 17:40 - 17:45

- a. Isabel fer yfir alla liðina í stefnunni, stúdentaráðsliðar hafa haft tækifæri til að koma með athugasemdir um vorið og skrifstofa stúdentaráðs hefur farið yfir það.
- b. Kosning um heildarstefnu stúdentaráðs: 13 samþykkt, 1 situr hjá, 0 á móti.

Pau sem fara klukkan 17:47 eftir skiptin:

Skarphéðinn Finnbogason

Guðríður Elísa Pétursdóttir

Erna Lea Bergsteinsdóttir

Kjartan Ragnarsson

Ingunn Rós Kristjánsdóttir

Margrét Jóhannesdóttir

Jóna Gréta Hilmarsdóttir

Anna María Björnsdóttir

Brynjólfur Skúlason

Rósa Halldórsdóttir

Rannveig Klara Guðmundsdóttir

Inga Huld Ármann

6. Nýtt Stúdentaráð 2022-2023 tekur við 17:46-17:48

The new Student Council 2022-2023 takes over

- a. Forseti 2022-2023 tekur við fundarstjórn og nýtt Stúdentaráð tekur þar með formlega við. Fráfarandi ráð missir tillögu- og atkvæðisrétt sinn.
- b. Rebekka þakkar fyrir liðna vinnu hjá fráfarandi starfsmönnum.

Dagný Þóra mætir 17:50

7. Fundargerð kjörfundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:48-17:50

Vote on minutes from the Election Meeting

- a. *Kosning: 14 samþykkt*

8. Praktísk atriði til nýrra Stúdentaráðsliða 17:50-18:13

Practical information for new Student Council members

- a. Hér verður farið yfir praktísk atriði varðandi stúdentaráðsfundi; fundarboðanir, fundarsköp, atkvæðagreiðslur, bókanir, tillögur, upphaf máls og hvernig mál eru unnin.

- b. Nokkrar spurningar komu upp en ekkert sem varð til frekari umræðu.
- c. Rebekka fer yfir munin á tillögu og bókun og tekur dæmi, Jessý og Vaka Lind leika stúdentaráðsliða og sýna hvernig er hægt að koma með bókun, tillögu og kjósa.
- d. Nokkrar spurningar koma upp, varðandi að rétta upp hönd og formatið á bókunum.

Ingvar Þóroddsson fráfarandi stúdentaráðsliði fór klukkan 18:00

Sigurbjörg Lovísa kom 18:05

9. Fundarhlé 18:13-18:24

Intermission

10. Eftirstandandi tilnefningar í nefndir og sviðsráð Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla)

18:26-18:30

Remaining nominations for the Student Council's schools and committees (voting)

- a. Kosið verður í þær stöður sem voru eftir frá kjörfundi, í sviðsráð Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, í Alþjóðanefnd og í Umhverfis- og samgöngunefnd.
- b. Vaka tilnefnir Dag Kárasón í Alþjóðanefnd, afsalar sér í sviðsráð: Verkfræði- og náttúruvísindasvið - Telma Rut Bjarkardóttir (Röskva) kemur í staðinn og Elísabet Unnur (Röskva) fer í Umhverfis- og samgöngunefnd.
- c. Kosning: 15 samþykkt, einróma.

11. Tímalínur stórra mála 18:30-19:10

Timelines of major issues

- a. Farið verður yfir tímalínur stórra mála til upplýsingar fyrir nýja Stúdentaráðsliða.
 - i. Menntasjóður námsmanna: Hann varð til árið 2020 og tók þar við af LÍN. Stúdentaráð hefur verið virkt aðhald og erum við með virkan meðlim í stjórn MSNM, sem er lánaþjófurfulltrúi SHÍ. Rebekka fer yfir herferð stúdentaráðs, áherslur stúdenta gagnvart námsmannalánnum. Rebekka fer yfir úthlutunarreglurnar, og hvernig þær eru samþykktar (einu sinni á ári). Grunnframfærsla framfærslulánanna verði lækkuð, en hún var lækkuð í ár. Það eru enn kröfur sem stúdentaráð verður að halda á lofti. Það á að endurskoða þetta reglulega.

Rebekka fer yfir stefnu stúdentaráðs varðandi námslán stúdenta, vaxtaþak á lánnum, tekjutengingin, barnastyrkurinn. *Nánar um það í upptökum á fundi og í stefnu stúdentaráðs.*

- ii. Skipulagsmál: Bílastæðamál, bílastæðagjöld - það á að vera tryggt U-passi fyrir nemendur við HÍ. Rebekka fer létt yfir forsöguna um bílastæðamálin. Samgöngupassinn H-passinn í staðinn fyrir U-passann. Vorið 2021, fer forseti stúdentaráðs að funda um bílastæðamálin - til að stoppa frumvarp. Spurningar úr sal, varðandi malarstæðið - hver staðan er á því svæði og hvort það eigi að byggja þar. En Isabel svarar og segir að þetta sé í eigu Reykjavíkurborgar, hún veit ekki hvað eigi að gera við þetta svæði - en segir Rebekku um að skoða það nánar. Starfshópurinn varðandi bílastæðamálin, hefur ekki verið starfandi síðan byrjun 2022, en hann á að byrja aftur.
1. Rammaáætlun háskólasvæðisins: skipulagsnefnd sem byrjaði 2017 - fer í það að vinna í rammaáætlun háskólasvæðisins. Þessi áætlun er í stöðugri þróun. Áherslan er vistvænt samfélag. Lágvöruverslunin er einnig partur af rammaáætluninni. Það hefur fundist húsnæði fyrir þessa verslun. Nú er áætlað að stækka krambúðina og gera hana að lágvöruverslun. Heilbrigðismóttaka það á að finna svæði fyrir þetta en er ekki orðið að “official” mál í rammaáætluninni. En það hefur komið stuðningur frá Rektor. En Isabel skerpir á því að það þurfi að halda þessu máli uppi og koma því í áætlunina.

Guðný Ljósbrá mætir á fund 18:59

- iii. Húsnæðismál: Rebekka byrjar að fara yfir húsnæðismálin og skýrslu Nönnu Hermannsdóttur um þau mál. Hún fer yfir niðurstöður skýrslunnar.
1. Spurning kom um hvernig Nanna var ráðin og hvernig ákvörðunin var komin til. Isabel fráfarandi forseti fór yfir fjármagnið í að ráða verkefnastjóra fyrir þetta verkefni. Einnig fór hún yfir ástæðurnar fyrir þessu verkefni.

Rebekka fer yfir þetta og starf FS. Ríkið og FS keyptu Hótel Sögu, 113 stúdíóíbúðir verða í boði fyrir stúdenta. Fjöldi leiguíbúða í heild = 1613, eftir að Hótel Saga var keypt.

2. Spurning kom úr sal um aðgang að skipulagsriti á Hótel Sögu. Rannveig Klara svara því og talar um þarfagreininguna.
3. Önnur spurning kom varðandi annað aðgengi eins og apótek eða heilbrigðis móttaka/ lágvöruverslun. En Isabel og Rannveig Klara tala um að það sé verið að tala um mathöll og klippingarstofu.
 - a. Rebekka skerpir á því að öllum sé velkomið að koma með athugasemdir um skipulagsmálin í Hótel Sögu. Vorið - 2023

er markmiðið um bygginguna (Hótel Sögu) - að hún sé tilbúin.

4. Rebekka fer einnig yfir mál Stapa, viljayfirlýsingin - Isabel, Jón Atli og Guðrún hjá FS skrifuðu undir viljayfirlýsinguna: Stapi verður seldur FS og breytt í stúdentagarða (48 íbúðir - sameiginleg eldhúsaðstaða).
5. Skerjafjörður: FS á að fá lóð til að byggja íbúðir = fjölskylduíbúðir. 239 nýjar íbúðir. Það er komin viljayfirlýsing fyrir því. Það kom athugasemd úr sal um að þetta á háskólasvæðinu í kringum leikskólasvæðið, en Rebekka svara því og segir að það sé ekki mikið pláss í kringum það og einnig sé búið að ráðfæra allt sem er laust á því svæði.
 - a. Spurning kom um dvalartíma stúdenta á stúdentaráðs gördunum. Jessý svarar því, og talar um regluna um undanþágu. En hún segir að stúdentaráð geti skoðað þetta og komið með tillögu varðandi dvalartímamann. Frekari umræður skapast um dvalartíma stúdenta á stúdentaráðsgördunum.
6. Lindargata: Þar er verið að rífa hús, byggja nýtt sem á að henta betur og þar kemur líka samkomusalur fyrir stúdenta. Rebekka fer yfir frekari breytingar tengdar háskólasvæðinu, eins og stækkun leikskólans sem á að heita Leikgarður.

12. Almennar fyrirspurnir nýrra Stúdentaráðsliða 19:10-19:12

General inquiries by new Student Council members

- a. Hér gefst ykkur tækifæri til að spyrja.
- b. Spruning um kosningaþátttökuna í kosningum til stúdentaráðs. Rebekka fer yfir það og ástæðurnar. Hún talar um sýnileikann og COVID. Hún vill gjarnan að núverandi stúdentaráð taki sig saman og leggist yfir þetta.

13. Önnur mál 19:10-19:30

Other issues

- a. Tillaga um erindi til nýkjörinna sveitarstjórnarfulltrúa.

T I L L A G A

Stúdentaráðsfundur
18. maí 2022

**um að erindi um málefni stúdenta sé sent nýkjörnum
sveitastjórnarfulltrúum**

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs Háskóla Íslands sendi sveitarstjórnarfulltrúum á höfuðborgarsvæðinu sem kjörnir voru 14. maí 2022 sl. erindi um hvernig þau geti unnið að bættu samfélagi fyrir stúdenta á sveitarstjórnarstiginu.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Stúdentar við Háskóla Íslands búa mörg hver í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og hafa þessi sveitarfélög og fulltrúar þeirra í sveitarstjórnnum mikið vald yfir umhverfis-, samgöngu-, húsnæðis- og leikskólamálum.

Það þarf pólitískan vilja til að breyta því samfélagi sem við búum í núna og því leggja undirrituð til að skrifstofa Stúdentaráðs sendi öllum nýkjörnum sveitarstjórnarfulltrúum erindi um áherslumál stúdenta og hvernig þau geti unnið að bættu samfélagi fyrir stúdenta á sveitarstjórnarstiginu.

Lagt er til að erindið innihaldi áherslur stúdenta í þeim málaflokkum sem að ofan eru taldir þar sem að þessi mál snerta marga stúdenta í þeirra daglega lífi og falla að miklu leyti undir starfssvið sveitarstjórna.

Í umhverfis- og samgöngumálum telja undirrituð að mikilvægt sé að áhersla sé lögð á uppbyggingu umhverfissvænna ferðamáta í sem eru í takt við þær áherslur sem Stúdentaráð hefur haft síðastliðin ár, til að mynda með að taka upp U-Passann og að áhersla sé lögð á uppbyggingu almenningsgangna með Borgarlínu að leiðarljósi.

Í húsnæðismálum telja undirrituð að sveitarfélögin skuli líta til þeirra áherslna sem koma fram í skýrslu Stúdentaráðs um stúdenta á húsnæðismarkaði en samkvæmt skýrslunni bendir marga til að stúdentar séu með íþyngjandi húsnæðiskostnað sem er í samræmi við niðurstöður Eurostudent IV.

Í leikskólamálum þykir undirrituðum mikilvægt að sveitarfélögin greiði jafn há mótframlög með börnum sem eru á leikskólum FS.

Lagt er til að sveitarstjórnarfulltrúum í eftirfarandi sveitarfélögum sé sent erindið; Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes.

Andri Már Tómasson, sviðsráðsforseti Heilbrigðisvísindasviðs

Auður Eir Sigurðardóttir, sviðsráðsforseti Menntavísindasviðs

Brynhildur R Þorbjarnardóttir, sviðsráðsforseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, oddviti Röskvu og sviðsráðsforseti

Félagsvísindasviðs

Rakel Anna Boulter, sviðsráðsforseti Hugvísindasviðs

- i. Umræður myndast varðandi tillöguna. Það kom spurning um hvort stúdentaráðsliðar fengju að sjá erindið og samþykka það áður en að það færi út. Isabel talar um að það sé þá hægt að koma með breytingartillögu á þessu erindi um hvernig þetta verður útfært. Jessý og Isabel segja að það ætti þá að vera formleg tillaga. Enginn kom með breytingartillögu.
 - ii. Kosning um að kjósa um tillöguna: 13 samþykkt og 2 sátu hjá, samþykkt.
 - iii. Kosning um tillöguna: 14 samþykkt, 1 situr hjá, samþykkt.
- b. Tilkynningar og mál á döfinni. Varðandi stefnumótunarferðina, það verður kosning um dagsetningu. Gamalt og nýtt stúdentaráð, með nefndum og öllu því sem tilheyri stúdentaráði - það verður uppskeruhátíð 26 maí, bara skemmtun og hópefli.

14. Fundi slitið 19:30

Meeting ends